

Ár 1997, miðvikudaginn 22. janúar, var í málínu nr. 14/1996 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Málavextir eru þeir að með bréfi 7. október 1996 kærir Jón Örn Bogason, kt. 070433-2229, Unnarbraut 28, Seltjarnarnesi, úrskurð Fasteignamats ríkisins frá 20. júní 1994 um mat sumarhúss að Hraunkoti 58, Grímsneshreppi.

Með kæru fylgdi bréf Fasteignamats ríkisins til kæranda dags. 8. ágúst 1996. Í bréfinu kemur m.a. fram að fasteignamatið hafi verið kært með bréfi 14. mars 1994. Til vettvangsgöngu hafi verið boðað með bréfi dagsettu 8. júní 1994 og hafi verið gengið á vettvang 15. júní 1994 en enginn mætt að hálfu kæranda. Þá segir í bréfinu:

“Mat var úrskurðað óbreytt, með bréfi dagsettu 20. júní 1996, í því bréfi er getið um málskotsrétt eiganda til Yfirlasteignamatsnefndar”.

Með bréfi Fasteignamats ríkisins 16. desember 1996 til kæranda, sem sent var Yfirlasteignamatsnefnd í afriti, er leiðrétt tilgreining á dagsetningu tilvitnaðs bréfs 20. júní 1996 sem samkvæmt leiðréttunni skyldi vera 20. júní 1994.

Í lögum nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna er ekki kveðið á um sérstakan frest aðila máls til að kæra úrskurð Fasteignamats ríkisins til Yfirlasteignamatsnefndar og gilda því almenn ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um kærufrest. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. þeirra laga skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórvaldsákvörðun nema lög mæli á annan veg.


Úrskurður Fasteignamats ríkisins er dags. 20. júní 1994. Í úrskurði er getið um kærheimild til Yfirlasteignamatsnefndar og kærufrest, sbr. 2. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga. Kærandi kærði úrskurðinn með bréfi til Yfirlasteignamatsnefndar dags. 7. október 1996, en þá var kærufrestur löngu liðinn, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 37/1993. Samkvæmt því ber að vísa kæru frá Yfirlasteignamatsnefnd.

ÚRSKURÐARORD

Framangreindri kæru er vísað frá Yfirlasteignamatsnefnd.



Pétur Stefánsson



Guðny Björnsdóttir



Agnar Gustafsson